

Reykjavík, 15. apríl 2002

Menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík hefur fengið frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands til umsagnar. Frumvarpið er í takt við lög um háskóla nr. 136/1997. Háskólinn í Reykjavík óskar þess að umbreyting Tækniskólans í Tækniháskóla verði farsæl. Eftirfarandi þættir eru til umhugsunar:

**11. gr.**

Síðasta setningin: *Nemanda er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.* Þarna gæti komið upp misskilningur vegna þess og umsækjendur um skólavist gætu hugsanlega nýtt sér þessa grein ef þeir fá ekki skólavist og vísað til áfrýjunarnefndar þótt greinin fjalli um þá nemendur sem vikið er úr skóla. Til að koma í veg fyrir slíkan misskilning væri hægt að breyta orðalagi og nefna t.d. *endurskráningu*, "*slíka*" skráningu eða *eitthvað annað* í staðinn fyrir skráningu.

**12. gr.**

Önnur málsgrein fjallar um rannsóknastofnun. Skv. íslenskri málnefnd á stofnunin að vera kölluð rannóknarstofnun.

Ekki er minnst á það í frumvarpinu að starfandi verði rannsókn- og sérfræðibókasafn sem tengjast fræðasviðum skólans. Bókasafn er mikilvæg stofnun innan háskóla og veitir sérhæfða þjónustu vegna náms, kennslu og rannsókna. Ef ekki er gert ráð fyrir bókasafni þarf að tilgreina hvar og hvernig starfsmenn og nemendur Tækniháskóla myndu fá sambærilega þjónustu.

**Ákvæði til bráðabirgða**


Í frumvarpinu eru ákvæði til bráðabirgða til þess að tryggja með öruggum hætti flutning og aðlögun Tækniskólans í Tækniháskóla. Samkvæmt frumvarpinu verður embætti rektors lagt niður 3. júní nk. og háskólaráð stofnað frá gildistöku laganna til 1. júní 2003. Ekki er ljóst hvers vegna háskólaráðið er skipað í svo stuttan tíma og skynsamlegt þykir að skipa ráðið til lengri tíma þar sem breytingafasinn gæti tekið 2-5 ár. Einnig er óljóst um stöðu rektors gagnvart háskólaráði og hvernig fækkun í háskólaráði um einn tengist því að rektor verði skipaður tæpum mánuði eftir að núverandi rektorsembætti verður lagt niður, og væntanlega stuttu eftir að háskólaráðið verður skipað.

Að lokum er kveðið á um hæfnisskilyrði starfsmanna og teljum við 3 ár vera hæfilegur og eðlilegur frestur til þess að veita núverandi starfsmönnum möguleika á að uppfylla hæfniskröfur.

**Fylgiskjal**

Í fylgiskjali er talað um mikinn rekstrahalla undanfarin ár sem tengist m.a. fámennum deildum og mikils kennslustundafjölda. Huga þarf að hámarksnýtingu fjármuna, stuðla að hagkvæmari rekstri og gera breytingar á námi og þjónustu til þess að draga úr kostnaði.

Virðingarfyllt

  
Guðfinna S. Bjarnadóttir  
rektor  
Háskólinn í Reykjavík